

# STJÓRNARTÍÐINDI B 49 — 1974

14. ágúst 1974.

1089

Nr. 433.

## GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar.

### GJALDSKRÁRLIÐIR:

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði, sem hér segir.

#### 1. Lýsing.

11. Fast gjald	.....	kr.	F1
Orkugjald	.....	—	14.40 á kwst.
12. Fast gjald	.....	—	F1 + F2
Orkugjald	.....	—	6.83 á kwst.

#### 2. Notkun til heimilisþarfa.

21. Fast gjald	.....	—	F1 + F3
Orkugjald	.....	—	4.10 á kwst.

#### 3. Vélanotkun.

31. Fast gjald	.....	—	F1 + F2
Lágmarksgjald	.....	—	48 × F1 á ári.
Orkugjald	.....	—	8.70 á kwst.
32. Aflgjald lágmark 2 kw	.....	—	12 004.00 á ári.
Aflgjald frá 2—5 kw	.....	—	6 002.00 á ári.
Fast gjald	.....	—	F1 + F3
Orkugjald	.....	—	1.99 á kwst.
33. Aflgjald umfram 5 kw	.....	—	5 095.00 kw á ári.
Fast gjald	.....	—	F1 + F3
Orkugjald	.....	—	1.60 á kwst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.	.....	—	
34. Til súgburrkunar.	.....	—	
Fast gjald	.....	—	F1
Orkugjald	.....	—	2.05 á kwst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.	.....	—	

#### 4. Hitun.

41. Fast gjald	.....	—	F1 + F4
Orkugjald	.....	—	1.80 á kwst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.	.....	—	
42. Fast gjald	.....	—	F1 + F4
Orkugjald	.....	—	1.10 á kwst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.	.....	—	

51. Fast gjald .....	kr.	F1 + F4
Orkugjald .....	—	0.90 á kwst.
Roftími allt að 15 klst. á dag.		

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
- Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafv.stjóra.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasitengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðar.

**5. Utanhússlýsing.**

51. Fast gjald .....	—	F1
Orkugjald .....	—	4.35 á kwst.

**Skilgreiningar og ýmis ákvæði.**

**Föst gjöld.**

F1. ....	—	100.00 á mánuði
F2. a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ....	—	3.75 á m <sup>2</sup> á mán.
b) Gangar, geymslur o. þ. h. ....	—	2.00 á m <sup>2</sup> á mán.
F3. ....	—	32.00 á gjaldein. á mánuði.

**Gjaldeiningar eru:**

- Fyrir fjölskylduheimili.  
Hvert herbergi notað eða ætlað til ibúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslur.  
Herbergi 5 m<sup>2</sup> eða minna reiknast hálf, 25 m<sup>2</sup> eða stærra tvö.
  - Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús o. þ. h. 20 m<sup>2</sup> mælt innan útveggja.
  - Fyrir útihús vegna búrekstrar, fyrir fyrstu 50 m<sup>2</sup> eða minna, ein gjaldeining fyrir hverja næstu 100 m<sup>2</sup> ein gjaldeining.
  - Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h., 30 m<sup>2</sup> fyrir vinnslurúm, 40 m<sup>2</sup> fyrir geymslurúm.
- F4. Hvert uppsett kw ..... kr. 552.00 á ári.

**Opnunargjöld.**

- Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 780.00.
- Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og verður ekki enduroppnuð fyrr en notandi hefur greitt kr. 780.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

**Heimtaugargjöld.**

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug ..... kr. 2160.00

Auk grunngjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi af brunabótamati húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati en hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það að nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það.

Láti húseigandi meta húsið að nýju skal heimtaugargjald þó miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

#### Heimild til hækkunar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá, um allt að 15% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

#### Athugasemd.

Söluskattur er innifalinn í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að gilda frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 29 24. janúar 1974.

*Iðnaðarráðuneytið, 14. ágúst 1974.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 128 27. apríl 1973, um  
Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

#### 1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Með lagmeti og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum er í reglugerð þessari átt við hvers kyns sjávarafurðir til útflutnings, sem pakkaðar eru í loftþéttar umbúðir, svo sem dósir, túbur og glös og umbúðir úr áli, álþynnum, plasti og öðrum áþekktum efnum, sem tíðkast við þökkun matvæla.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins nr. 48 26. maí 1972 staðfestist hér með og öðlast gildi þegar í stað.

*Iðnaðarráðuneytið, 15. ágúst 1974.*

**Magnús Kjartansson.**

*Arni Snævarr.*